

REGLUGERÐ

um úthlutun á opnum tollkvótum á frjóeggjum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka IV A við 12. gr. tollalaga nr. 88/2005, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, vörumagn og verð- og magn-toll:

Tollskrárn.:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magn-tollur kr./kg
	Frjóegg til útgunar:				
0407.1100	Af hænsnum af tegundinni <i>Gallus domesticus</i>	01.07.19 - 30.06.20	ótilgr.	0	0
0407.1900	Önnur	01.07.19 - 30.06.20	ótilgr.	0	0

3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 448/2012 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. búvörulaga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. A búvörulaga nr. 99/1993, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 30. júní 2020.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 1. júlí 2019.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Elisabet Anna Jónsdóttir.